

Úrskurðarorð:

Erfinginn Hálfván Guðmundsson telst eiga 25% eignarhlutdeild í íbúð á rishæð að Hringbraut 65, Hafnarfirði, sem þinglýst er á nafn Margrétar Þ. Jónsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 12. nóvember 1979.

Nr. 196/1979. Ákærvaldið

gegn

Svani Elí Elíassyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 8. nóvember 1979. Þann dag og 12. s. m. bárust Hæstarétti gögn máls. Krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta niðurstöðu hans.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. nóvember 1979.

Ár 1979, fimmtudaginn 8. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Föstudaginn 13. janúar 1978 var tilkynnt til lögreglunnar í

Reykjavík, að maður hefði fundist látinn í fjöru gegnt Faxaskjóli 10 í Reykjavík. Er lögreglumenn komu á staðinn, lá líkið á grasbala í fjörukambinum. Þar var talsvert af steinhnullungum, sem kastast höfðu undan sjógangi, og svellglottar á grasbalanum. Á steini við höfuð líksins voru blóðleifar, útpynntar vegna rigningar.

Líkið reyndist vera af Bjarna Forberg, fæddum 12. febrúar 1904, Neshaga 19, Reykjavík. Í jakkavasa hans voru m. a. kr. 13.000 í peningum, en engin skilríki voru á líkinu.

Eiginkona Bjarna kvað hann hafa farið að heiman um kl. 16—17 daginn áður ásamt dóttur sinni, en leiðir þeirra hafi skilið nokkru síðar í miðborginni. Kvað hún hann hafa verið drykkjumann og hefði hann drukkið daglega frá desemberbyrjun 1977. Hann hafði kvartað undan máttleysi í fótum, en ekki leitað til læknis.

Líkið var krufið, og segir m. a. svo í krufningarskýrslunni:

„Vinstra megin á nefi er grunnt hrúfl, rauðbrúnleitt og nokkuð skorpið og þekur yfir meginhluta vinstri nasavængs. Á hægra gagnauga er svipað hrúfl um 1.5 cm í þvermál. Á báðum hnjám eru mjög grunn hrúfl og rauðleitir flekkir, hrúfl þessi eru framman og neðanvert á hnjánunum og gætu hafa myndast við það, að maðurinn hafi dottið og reynt að krafla sig eitthvað áfram á hnjánunum“. Í niðurlagi skýrslunnar segir m. a. svo: „Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því, sem fannst við krufninguna, þykir mega ráða, að maðurinn hafi hrasað eða lagst fyrir á víðavangi, misst meðvitund og orðið úti (króknað, hypothermia). Áverkamerki sáust ekki á líkinu, er talin verði meðverkandi að dauða“.

Um kl. 1415 hinn 5. þ. m. handtók lögreglan pilt og stúlku í Útvegsbanka Íslands, en stúlkan var að reyna að innleysa tékka þar. Nafn útgefanda tékkans reyndist vera annað en eiganda heftisins. Pilturinn og stúlkan kváðu Svan Elí Elíasson, kærða í máli þessu, hafa afhent þeim tékkann.

Um kl. 2230 fóru rannsóknarlögreglumennirnir Gísli Pálsson og Guðmundur H. Jónsson að Hátúni 12 og handtóku kærða, sem var talsvert ölvaður. Var hann færður í lögreglustöðina við Hverfisgötu og síðan í fangageymslu. Kl. 2335 óskaði kærði eftir því að fá að ræða við Gísla Pálsson í fangaklefanum. Samkvæmt skýrslu Gísla kvaðst kærði vita, hvar lík Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar væru, og væri hann fús til að gefa upplýsingar um það „í skiptum fyrir þetta mál, sem

ég er flæktur í núna“, þ. e. tékkamálið. Ekki ræddu þeir þetta frekar.

Um kl. 2355 óskaði kærði eftir að fá að ræða við Guðmund H. Jónsson. Um þetta segir svo í skýrslu Guðmundar, sem hann hefur staðfest fyrir dómi: „Þá virtist undirrituðum Svanur vera mjög miður sín, og grét hann mikið. Sagði Svanur efnislega við undirritaðan á þá leið, að hann þyldi þetta ekki lengur, hann yrði að létta á sér og skýra frá máli, atviki, er komið hefði fyrir hann og væri búið að valda honum miklu hugarangri.

Spurði Svanur, hvort undirritaður myndi eftir máli því, er maður fannst látinn í „fjörुकambi“ úti á Seltjarnarnesi fyrir rúmu ári síðan. Sagði Svanur því næst: „Það var ég, sem drap hann“.

Svanur sagðist hafa hitt mann þennan á fylleríi á Hótel Borg og þeir farið saman þarna vestureftir, en á þeim stað væru einhverjir skúrar og bátar. Svanur kvaðst hafa slegið manninn og að því búnu tekið af honum peninga, sem hann tilgreindi kr. 30.000.“

Ekki ræddu þeir þetta frekar, en Guðmundur tjáði kærða, að um þetta yrði rætt nánar næsta morgun.

Daginn eftir, er kærði var til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, neitaði hann að tjá sig um sakarefnið og kvað ekki rétt, að hann hefði orðið manni að bana. Óskaði hann eftir að fá sér skipaðan réttargæslumann. Örn Clausen hæstaréttarlögmaður var skipaður réttargæslumaður hans.

Um kvöldið var svo tekin skýrsla af kærða. Hann kveðst hafa skýrt lögreglumanninum frá því, að hann hefði orðið manni að bana, en það væri þó ekki rétt. Hann hafi verið ölvaður og reiður og svektur yfir handtökunni og hafi sennilega sagt þetta til að stríða lögreglunönnunum.

Kærði sagði, að sumarið 1978 hefði kunningi hans, Guðlaugur, sagt honum, að maður hefði látist við sjó á Seltjarnarnesi. Hafi Guðlaugur sagt, að þegar hann var í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg nokkru áður, hafi maður, sem þar var einnig, sagt honum, að hann hefði verið viðriðinn mannslát við sjó á Seltjarnarnesi. Kærði kvað Guðlaug hafa haft eftir þessum manni, að svo hafi litið út sem dauðdaginn hefði verið með eðlilegum hætti.

Kærði kvaðst hafa starfað hjá Pósti og síma í Hafnarfirði dagana 12. og 13. janúar 1978, og hefur það fengist staðfest.

Guðlaugur Guðmundsson var einnig yfirheyrður þá um kvöldið. Hann kvaðst hafa verið í Hegningarhúsinu í nóvember 1977.

Hann hafi um tíma verið í klefa með manni, er Einar heitir. Hafi Einar sagt honum, að annar mannanna, sem „drápu manninn í fangageymslunni“, hafi sagt, að þeir hefðu drepíð mann á Álfanesi, að því er Guðlaugur hélt, stungið hann og tekið af honum veski, en grafið hann síðan í snjó eða í jörðu. Ekki kvaðst Guðlaugur muna þetta nákvæmlega og sagði, að verið gæti, að þetta hafi verið á Arnarnesi eða Seltjarnarnesi. Ekki kvaðst hann vita, hve mikið fé hefði verið tekið af manninum, en minnti, að Einar segði, að það hefði verið lítil upphæð.

Guðlaugur kvaðst þekkja kærða og taldi sig hafa sagt honum frá ofangreindum atburði einhvern tíma árs 1978, er þeir voru staddir á heimili móður kærða.

Rannsóknarlögregla ríkisins gerði í gær þá kröfu, að kærði yrði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til 14. þ. m.

Er kærði kom fyrir dóminn, mótmælti hann kröfunni. Hann kvaðst vera búinn að skýra frá, að ekkert væri hæft í því, að hann hefði orðið manni að bana, og jafnframt hvaðan hann hefði fengið vitneskju um mannslátið. Hann kveðst upphaflega hafa skýrt frá þessu í reiðikasti til þess að svekkja lögreglumennina.

Skýrsla Guðmundar H. Jónssonar um samtal hans við kærða var borin undir kærða. Kvaðst hann ekki muna eftir að hafa sagt annað en að hann hefði drepíð manninn, en ekki hver aðdragandinn hefði verið né í hvaða tilgangi það var gert. Þó taldi hann, að skýrslan kynni að vera rétt, en hann hefði verið mikið drukkin.

Kærði kvað Guðlaug Guðmundsson hafa sagt sér um mitt sumar 1978, er þeir voru á heimili Guðlaugs, frá umræddu mannsláti. Hafi Guðlaugur sagt, að einhver „róni“ hafi orðið manninum að bana.

Vitnið Guðmundur H. Jónsson kom einnig fyrir dóminn. Það kvað kærða hafa verið „þéttkenndan“ eða töluvert ölvaðan, er hann var handtekinn, en þó hafi hann ekki slagað og ekki verið óskýrmæltur. Hafi honum verið tjáð, að hann væri handtekinn vegna gruns um þjófnað á tékkhefti og sölu á tékkum úr því. Kærði hafi í fyrstu neitað þessu, en er verið var að færa hann í fangageymslu, hafi hann játað þessi brot.

Vitnið kvað þá lögreglumennina hafa haft nokkra viðdvöl í fangageymslunni. Hafi kærði óskað eftir að fá að ræða við Gísla Pálsson og nokkru síðar við vitnið. Var vitninu þá ókunnugt um, hvað Gísla og kærða hafði farið á milli. Er vitnið kom inn í fangaklefann, var kærði grátandi, og virtist vitninu hann

vera niðurbrotinn. Vitnið skýrði síðan frá samtali sínu við kærða á sama hátt og greinir í skýrslu þess, sem áður er rakin. Sagði vitnið, að kærði hefði virst vera kominn í nokkurt jafnvægi, er það fór frá honum.

Kærði og vitnið voru samprófuð um samtal þeirra í fangaklefanum. Kvaðst kærði sem fyrr ekki muna eftir að hafa sagt annað en að hann hefði drepíð manninn.

Kærði kvaðst hafa rætt um tékkamálið við lögreglumennina eftir handtökuna, en hann hafi vakið máls á því sjálfur. Hann hafi verið miður sín vegna þess, að bróðir hans átti tékkheftið, og hafi hann grátið af þeim sökum. Hann mundi þó ekki, hvort hann grét, er Guðmundur H. Jónsson kom til hans í klefann, og taldi sig frekar hafa verið reiðan.

Niðurstöður.

Kærði skýrði af sjálfsdáðum frá því, að hann hefði orðið manni að bana, skömmu eftir að hann var handtekinn. Næsta dag kvað hann Guðlaug Guðmundsson hafa skýrt sér frá þessu. Guðlaugur hefur borið, að hann hafi skýrt kærða frá því, að manni hafi verið banað á Álftanesi, Arnarnesi eða Seltjarnarnesi. Hafi honum verið sagt þetta, er hann var í Hegningarhúsinu. Misræmi er í framburðum kærða og Guðlaugs í veigamiklum atriðum. M. a. kveðst Guðlaugur hafa sagt, að maðurinn hafi verið stunginn, en kærði sagði, að svo hefði litið út sem um eðlilegan dauðdaga hafi verið að ræða, og er það í samræmi við krufningar-skýrsluna.

Guðlaugur Guðmundsson var í Hegningarhúsinu 11.—23. nóvember 1977. Mennirnir, „sem drápu manninn í fangageymslunni“, voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald hinn 20. júlí 1977, sem þeir sættu, uns þeir voru dæmdir í öryggisgæslu hinn 6. desember 1977, og sæta þeir henni enn.

Lík Bjarna Forberg fannst 13. janúar 1978, þ. e. um 2 mánuðum eftir að Guðlaugur var í Hegningarhúsinu. Geta sögur þær, sem hann heyrði þar, því ekki varðað Bjarna.

Rannsókn þessa máls er skammt á veg komin. Með tilliti til þess, um hve alvarlegt sakarefni er að ræða, þykir nauðsyn bera til, að rannsakað verði, með hvaða hætti kærði hefur fengið vitneskju um mannlát það, sem hann hefur skýrt frá. Þykir því rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að verða við kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins og ákveða, að kærði

skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. nóvember nk., kl. 1700.

Ef sannað verður, að kærði hafi orðið manni að bana eða komið honum í ástand, sem leiddi til dauða hans, getur það varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verði á hinn bóginn í ljós leitt, að um rangan uppljóstur kærða hafi verið að ræða, getur það varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt 149. gr. sömu laga. Ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar eru gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Svanur Elí Elíasson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. nóvember nk., kl. 1700.

Priðjudaginn 13. nóvember 1979.

Nr. 8/1978. **Inga J. Sturludóttir**
 (Kristján Eiríksson hrl.)
 gegn
 Jóni Sigvaldasyni
 (Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Innsetningargerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Björn Sigurðsson, gerðarþoli í héraði, skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1978. Hann seldi eignarhluta sinn í Laufásvegi 20 í Reykjavík hinn 13. september 1978. Kaupandi og núverandi eigandi er Inga J. Sturludóttir. Með yfirlýsingu 9. nóvember 1979 tók hún við sóknaraðild fyrir Hæstarétti samkvæmt 58. gr. laga nr. 73/1975, sbr. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936. Dómkröfur sóknaraðilja eru